



Til bæjarráðs

Kópavogi, 21. mars 2023

23031468/005.05 ABS

Efni: Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa varðandi kostnað vegna barna búsettra í Kópavogi í sjálfstætt starfandi skólum.

Á fundi bæjarráðs dags. 16. mars var lögð fram fyrirspurn frá bæjarfulltrúa, Indriða I. Stefánssyni um hverjar yrðu breytingar á kostnaði bæjarins vegna barna búsettra í Kópavogi sem ganga í sjálfstætt starfandi skóla, kæmi til samþykktar fyrirbyggjandi frumvarps til laga um grunnskóla (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla) 128. mál, sbr. dagskrárliður 8.

Verði ofangreint frumvarp til laga samþykkt, er gert ráð fyrir að áætlaður kostnaður Kópavogsbæjar vegna nemenda í sjálfstætt starfandi grunnskólum geti hækkað um 45-50 m.kr. á ári. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ný lög geti tekið gildi 1. júlí 2023. Ef svo færi þá yrði áætluð kostnaðaraukning á árinu 2023 20-23 m.kr. Áætlun gerir ráð fyrir að sömu framlög eigi við um alla sjálfstætt starfandi skóla óháð því í hvaða sveitarfélagi þeir starfa.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs